



367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Ársskýrsla 2015

Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur starfað frá því 2004. Undirrituð var skipuð skólameistari í ágúst 2015 og hafði verið aðstoðarskólameistari síðan 2013 og kennari í hlutastarfi nánast frá upphafi skólastarfs í FSN og í fullri stöðu sem kennari frá 2006.

Nemendur

Uppþökusvæði FSN er norðanvert Snæfellsnes og sunnanverðir Vestfirðir. Skólinn starfrækir framhaldsdeild á Patreksfirði auk þess bíður skólinn upp á dreifnám óháð búsetu. Dreifnám FSN er ólíkt fjarnámi að því leiti að nemendum býðst að mæta í skólann og sitja tíma í viðkomandi áfanga

Skipting nemenda eftir búsetu

Búseta	Dagskóli vor 2015	Dagskóli haust 2015
Grundarfjörður	32	30
Stykkishólmur	24	30
Snæfellsbær	49	55
Vesturbyggð	12	21
Tálknafjörður	11	9
Samtals	128	145

Búseta	Dreifnemendur vor 2015	Dreifnemendur haust 2015
Grundarfjörður	8	9
Stykkishólmur	3	4
Snæfellsbær	4	10
Vesturbyggð	5	6
Tálknafjörður	1	0
Höfuðborgsv.	18	9
Akranes/Borganes	10	11
Annað	8	10
Samtals	57	68

Vorönn 2015

Vinnslustaða	Samtals
Í námi	130
Dreifnám	57
Samtals	187

Haustönn 2015

Vinnslustaða	Samtals
Í námi	130
Dreifnám	56
Grunnskólanemi	21
Samtals	207

Nám

Fjöldi nemenda eftir brautum

Vorönn 2015

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn braut	AB	65
Félagsfræðibraut	FÉ	58
Félags- og hugvísindabraut	FH	3
Listnámsbraut	LN	3
Náttúrufræðibraut	NÁ	53
Starfsbraut	ST1	4
Samtals		186

Haustönn 2015

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn braut	AB	62
Félagsfræðibraut	FÉ	53
Félags- og hugvísindabraut	FH	15
Listnámsbraut	LN	7
Náttúrufræðibraut	NÁ	45
Starfsbraut	ST1	7
Náttúru- og raunvísindabraut	NR	18
Opin braut	OB	6

Haustið 2014 voru allir nýnemar innritaðir í fyrsta sinn á brautir er byggja á námskrá frá 2011. Nýnemar haustið 2015 voru einnig innritaðir á þessar nýju brautir og vinnu við innleiðingu brautanna var haldið áfram.

Námsframboð samstarfsskólanna sem kalla sig Fjarmentaskólann stendur nemendum FSN til boða án endurgjalds. Samstarf þetta hefur haldist óbreytt um nokkurt skeið en von okkar er að það eigi eftir að þróast og fjarnámið verði framkvæmt á fjölbreyttari máta en verið hefur.

Kennsla og stjórnun

- skólameistari í fullu starfi
- aðstoðarskólameistari í 75% starfi
- námsráðgjafi í 50% starfi auk kennslu í 50% starfi
- fjármála- og skrifstofustjóri í fullu starfi
- ritari í 50%
- tveir deildarstjórar í fullu starfi hvor
 - annar deildarstjórinn starfar í framhaldsdeild skólans á Patreksfirði og hinn er deildarstjóri starfsbrautar og er menntaður þroskaþjálfari.
- kerfisfræðingur í 25% starfi
- tveir ræstitæknar í samtals 72% starfshlutfalli
- einn þroskaþjálfari í fullu starfi
- þrjár stuðningsfulltrúar samtals í 1,75% starfshlutfalli
- húsvörður í fullu starfi
- 18 kennarar í samtals 13 stöðugildum. Allir kennarar skólans fyrir utan þrjá hafa leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla og eru tveir þeirra í námi til að öðlast kennsluréttindi.

Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum, nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi og innleiðingu leiðsagnarmats. Skólinn hefur sett sér það markmið að veita nemendum enn betri þjónustu með því að nýta enn frekar þá möguleika sem vendináam (flipped learning) býður upp á. Þetta ætti ekki síst að nýtast dreifnemendum skólans en það eykur möguleika okkar á fjölbreyttara námsframboði að stækka nemendahópinn.

Mat

Unnið hefur verið eftir sjálfsmatsáætlun skólans http://fsn.is/?page_id=736 . Sérstök sjálfsmatsskýrsla er unnin á hverju ári http://fsn.is/?page_id=739 .

Fjármál, rekstur

Að því er ávallt stefnt að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Samkvæmt ársreikningi 2015 þá var höfuðstóll neikvæður um 4.341.012 og er að vegna óviðráðanlegra orsaka.

Samstarf við aðra

Formlegt samstarf er á milli skólanna sem vinna saman undir merkjum [Fjarmentaskólans](#). Samstarfið felur m.a. í sér að bjóða nemendum þessara skóla nám á styttri starfsnámsbrautum sem ekki eru kenndar hjá heimaskóla nemandans, bjóða nemendum fjarnám í einstökum áföngum sem ekki eru í boði í heimaskólanum en áfangastjóri sækir um fyrir nemandann. Skólameistarar þessara skóla hafa haldið einn til tvo símafundi á mánuði allt síðasta ár þar sem við erum að bera saman bækur okkar. Þar sem FSN sér fram á fækkun ársnema þá verður óhjákvæmilega minna kennslumagn við skólann sem eykur líkur á að hlutastörfum fjölgi við skólann og þá gæti orðið enn erfiðara að ná fagmenntuðum kennurum til skólans.

Lokaorð

FSN er ungur skóli þar sem kennsla fer fram með óhefðbundnu sniði. Enn reynum við að vera framsækinn framhaldsskóli og höfum við t.d. kynnt víða þá námsmatsaðferð sem notuð er við skólann og kennd er við leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám eins og nú er farið að kalla þessa námsaðferð. Við skólann starfar hópur metnaðarfullra kennara og nemenda sem vinna vel sín störf og eru skólanum til sóma.

Grundarfirði júlí 2017
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Skólameistari